

Lög

Skafftellingafélagsins í Reykjavík

1. grein

Félagið heitir Skafftellingafélagið í Reykjavík. Heimili þess er í Reykjavík.

2. grein

Félagsmaður getur hver sá orðið, karl eða kona eldri en 14 ára, sem fullnægir einhverju eftirgreindu skilyrði:

Er fæddur í Skafftellingssýslum eða af skafftellingssýslu foreldri.

Hefur alist þar upp, dvalið þar og eignast lögheimili og óskar að teljast Skafftellingur.

Eða af öðrum ástæðum, er stjórnin tekur gildar, telur sig tengdari Skafftellingssýslum en öðrum héruðum utan dvalarhéraðs, og hefur áhuga á og óskar að vinna að framfaramálum þeirra. Ennfremur makar félagsmanna, sem í félaginu eru.

3. grein

Tilgangur félagsins er:

Að auka kynni meðal Skafftellinga og annarra velunnara Skafftellingssýslna og styrkja tengsl þeirra innbyrðis og við heimahérað.

Að styðja að framfaramálum Skafftellingssýslna og beita áhrifum sínum eftir megni í þágu þeirra.

Að stuðla að söfnun og varðveislu sögulegra verðmæta, er snerta héraðið og íbúa þess.

4. grein

Þessum tilgangi hyggst félagið ná með fundastarfsemi, skemmtisamkomum og öðrum aðferðum sem það á hverjum tíma telur skynsamlegar. Þar til má nefna stofnun undirfélaga eða deilda um einstök áhugasvið, sem félagið styður eftir föngum, til að mynda með aðstöðu í félagsheimili. Þó að slíkar deildir séu ekki formlega innan félagsins eða starfi sjálfstætt, ber að gera aðalfundi grein fyrir starfi þeirra í megin atriðum.

5. grein

Kvikmyndasjóður Skafftellinga starfar sjálfstætt undir stjórn fimm manna, sem kosnir eru á aðalfundi til eins árs í senn og skipta með sér verkum. Þeir sjá um öll málefni sjóðsins og fjárreiður, en gera árlega grein fyrir hvoru tveggja á aðalfundi Skafftellingafélagsins. Endurskoðun reikninga annast kjörnir *skoðunarmenn* félagsins.

6. grein

Aðalfundur skal haldinn í maímánuði ár hvert. Aðrir fundir í félaginu skulu haldnir svo oft sem stjórnin sér ástæðu til eða minnst 25 menn óska þess skriflega. Skemmtanir skal félagið halda eftir því sem stjórnin telur heppilegt á hverjum tíma. Fundi skal boða í fjölmiðlum eða bréfluga. Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara. Fundir eru lögmætir, ef þeir eru löglega boðaðir.

7. grein

Á aðalfundi skal stjórnin gefa skýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári. Einnig skulu endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir liðið ár lagðir fram til samþykktar. Reikningsár er almanaksárið.

8. grein

Á aðalfundi skal kjósa stjórn félagsins og aðra trúnaðarmenn. Kosning skal vera skrifleg ef þess er óskað.

Stjórnin skal skipuð *fjórum* mönnum auk formanns og eru þeir kosnir til tveggja ára, *tveir* í senn. Ef kjósa þarf fleiri vegna forfalla skulu þeir kosnir til sama tíma og hinn forfallaði átti að sitja. Formann skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir skipta með sér verkum og er einn varaformaður, annar ritari, hinn þriðji gjaldkeri og *fjórði meðstjórnandi*. Í varastjórn skal kjósa *þrjá* menn til eins árs í senn. Að jafnaði skulu þeir sitja stjórnarfundi og hafa málfrelsi en ekki atkvæðisrétt nema í forföllum aðalmanns.

Endurskoðendur reikninga eru tveir, kosnir til eins árs. Leitast skal við að ná jafnræði milli sýslna í stjórnarkjöri.

9. grein

Stjórn er óheimilt að ráðstafa verðmætum eignum félagsins eða að skuldbinda það stórlega án samþykkis félagsfundar. Verði eignir seldar skal andvirði þeirra ráðstafað með kaupum á sambærilegum eignum, að verðmæti, og/eða ríkistryggðum verðbréfum. Allt í samræmi við tilgang félagsins og 10. grein laga þessara ef félaginu verður slitið.

Að öðru leyti fer stjórnin með æðsta vald í málefnum félagsins milli funda.

10. grein

Til þess að slíta félaginu þarf $\frac{3}{4}$ atkvæða löglega boðaðs aðalfundar og skulu eignir þess þá ganga til Skaftafellssýslna og þeim ráðstafað í samræmi við tilgang félagsins.

11. grein

Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi með samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þeirra sem á fundinum eru.

Samþykkt á aðalfundi 11. maí 2006

Sjá skálettraðar nýjustu breytingar í 8.gr